

## Upplýsingarnefnd LPN

### FUNDARGERÐ

**Fundur** haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 4.06.2008:

**Mættir:** E., G., H., I., J., M. og S..  
Ei. boðaði forföll.

Eftirfarandi var til umræðu:

- H. mætti frá SAAS og skýrði frá því að búið sé að ná saman hópi í upplýsingarnefnd og verið að endurvekja starfsemi gömlu upplýsingarnefndar SAAS. Þótti fundinum það góð tíðindi.  
Hann sagði einnig frá kynningarstarfi á AA-samtökunum og bataleiðum AA, sem er í gangi í fangelsum, bæði LH og Kvíabryggju, og gengur vel. Fundarmenn voru ánægðir að heyra það.  
Þá er kynningarstarfsemi í gangi á flestum meðferðarstofnunum, en einhverjir hnökra höfðu komið upp í sambandi við kynningu á einni stofnuninni, en úr þeim er að greiðast aftur.  
Nokkur umræða varð um nauðsyn þess að vanda vel til þessarar starfsemi, að þar séu reyndir félagar að verki og farið sé fram í anda samtakanna, erfðavenjur hafðar að leiðarljósi og aðlöðun beitt, en forðast allan áróður.
- Rætt var um sumarstarfið og þá þetta helst ákveðið:
  1. Kanna möguleikana á Vestmannaeyjaför í því augnamiði að kynna þar starfsemi staðbundinnar upplýsingarnefndar og reyna að koma slíkri á laggirnar. E. ætlar að skoða það nánar.
  2. Reyna að ná tengslum við upplýsingarnefnd, sem mun vera starfandi norður á Akureyri. H. hefur tengsl þangað og ætlar að aðstoða við það.
- Hafa síðsumars samband við AA-deildir í Reykjanesbæ með það fyrir augum að koma á sameiginlegum fundi með deildum á Reykjanesinu og athuga hvort ekki er jarðvegur þar fyrir svæðisbundna upplýsingarnefnd (tenglar R. og V.).
- Í umræðunum barst í tal hin nýja heimasíðu AA-samtakanna og þótti þeim, er hana hafði séð, útlit hennar og uppsetning vægast sagt mislukkuð.
  - 1.

**Næsti fundur** Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 2.07.2008**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Sumarstarfið.  
Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

## Upplýsingarnefnd LÞN

### FUNDARGERÐ

**Fundur** haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 2.07.2008:

**Mættir:** G., H. og J.;- Ei., I., M. og S.  
boðuðu forföll.

Eftirfarandi var **til umræðu**:

- Hákon mætti frá SAAS og skýrði frá starfi upplýsingarnefndar SAAS, en þeir eru m.a. búnir að vera með tvo kynningarfund fyrir fangaverði á LH, 30 mættu og heppnuðust þeir vel. Skipulögðu fundina eftir forskrift, sem þýtt var upp úr handbók í kynningar 'kitti' \*) fyrir kynningar fyrir fagfólk ("Corrections Workbook"). Ætlar að senda okkur nöfnin á 'kittunum' og afrit af forskriftarblaðinu, sem þeir fóru eftir. Jafnframt unnu þeir upp lista með opnum fundum á Selfossi og í Reykjavík handa fangavörðum LH. Stefna á kynningu fyrir skrifstofufólkið í haust eftir sumarfrí.
- H. sagði einnig frá því, sem hann hafði frétt um væntanlega stofnfund samstarfsnefndar á Akureyrar-svæðinu um næstu helgi. Þar er heilmikil gerjun í gangi og líklega áhugi fyrir stofnun staðbundinnar upplýsingarnefndar. Hugsanlega gæti Upplýsingarnefnd LÞN hjálpað eitthvað til þar. Er einhver á leið til Akureyrar?

**Til minnis varðandi sumarstarfið:**

1. Kanna möguleikana á Vestmannaeyjaför í því augnamiði að kynna þar starfsemi staðbundinnar upplýsingarnefndar og reyna að koma slíkri á laggirnar. E. ætlar að skoða það nánar.
2. Athuga með möguleika á að fá fund með samstarfsnefndinni á Akureyri þegar búið er að stofna hana til þess að kanna möguleika á stofnun staðbundinnar upplýsingarnefndar þar.
3. Hafa síðsumars samband við AA-deildir í Reykjanesbæ með það fyrir augum að koma á sameiginlegum fundi með deildum á Reykjanesinu og athuga hvort ekki er jarðvegur þar fyrir svæðisbundna upplýsingarnefnd (tenglar R. og V.).

\*) "Kittin" sem um ræðir eru gefin út af GENERAL SERVICE OFFICE OF AA:

- a) Public Information Kit
- b) Cooperation With the Professional Community Kit
- c) Correctional Facilities Kit
- d) Treatment Facilities Kit

**Næsti fundur** Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 6.08.2008**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

**Á fundinum liggur fyrir:**

**Sumarstarfið:** Vestmannaeyjar, Akureyri og Reykjanesbær sbr. að ofan..

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

## Upplýsingarnefnd LPN

### FUNDARGERÐ

**Fundur** haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 6.08.2008:

**Mættir:**, H., J., M. og S.

**Forföll boðaði:** G.

Margt bar á góma, en fáar endanlegar ákvarðanir teknar.

#### **Til umræðu meðal annars:**

- Sumarstarfið. H. er í sambandi við áhugasama um starfsemi upplýsingarnefndar á Akureyri og ætlar að senda þeim gögn, sem upplýsingarnefnd SAAS hefur notað og reynst þeim vel, m.a. eintak af Þjónustuhandbók fyrir upplýsingarnefndir.  
H. ætlar líka að ýta við E. að hafa samband við tengil í Vestmannaeyjum varðandi möguleika á kynningarfundum þar síðar í sumar eða haust.
- Talsverðar umræður urðu um ýmsa möguleika á kynningu AA-samtakanna í stóru fjölmiðlunum t.d. í tengslum við stórhátíðir, eða þá fast nokkrum sinnum á ári. Þá var rætt um möguleika á framleiðslu á stuttum kynningar innskotum fyrir ljósvakafjölmiðlana, svipað og AA-samtökin í USA gera og láta fjölmiðlunum ókeypis í té. Hægt er að fá sýnishorn af slíkum kynningarinnskotum hjá GSO.
- Þá var minnt á það að mögulegt væri, með litlum tilkostnaði, að veita fulltrúum svæðisbundinna upplýsingarnefnda, sem ekki ættu heimangengt vegna hás bensínverðs, eða ófærðar, aðgang að fundum Upplýsingarnefndar LPN gegnum internetið. Möguleiki, sem vert væri að skoða nánar.

#### **Á fundinum liggur fyrir:**

**Sumarstarfið:** Vestmannaeyjar, Akureyri og Reykjanesbær sbr. að ofan..

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

## Upplýsingarnefnd LÞN

### FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 3.09.2008:

Mættir: E., G., H., I. og J. - Forföll boðaði: Ei.

#### Eftirfarandi var til umræðu:

- Boð frá SÁÁ til AA-samtakanna um að vera með kynningarbás á afmælisfundi SÁÁ í októbermánuði n.k.. Samskonar boð hefur borist áður frá SÁÁ og var þá hafnað af LÞN, eftir talsverðar umræður þar sem gætti nokkurs óöryggis m.a með tilliti til 6. erfðavenjunnar og þeirra kvaða, sem “þátttaka” í þessum fundi kynni að leiða til gagnvart öðrum samtökum er beita sér fyrir áfengisvörnum.

Fundarmenn Uppl.n. LÞN voru sammála um,

1. að rétt væri að taka boði SÁÁ,
2. dreifa kynningarefni um AA-samtökin,
3. leggja áherslu á að kynna 6. erfðavenjuna í kynningarbásnum og
4. benda á þann grunvallar mun, sem er á AA-samtökunum annars vegar og SÁÁ hinsvegar.
5. Að fela upplýsingarnefnd SAAS að sjá um básinn, með fulltingi fulltrúa úr Upplýsingarnefnd LÞN.

Vísa þá m.a. til þess, sem sagt er *neðst á bls. 13 og efst á bls. 14* í **Þjónustuhandbók fyrir upplýsingarnefndir** um nýtingu slíkra kynningarfæra.

- Fyrir fundinum lá bréf frá upplýsingafulltrúa Svæðisnefndar Akureyrar þar sem hann spyr hvort hægt sé: 1) að fá að fá bæklinga og annað á íslensku PDF (væntanlega til að setja inn á heimasíðu svæðisnefndarinnar); 2) sækja um styrk til “aðalnefndar” til þess að setja þennan vef á sér ‘domain’ (sem sagt breyta því í [Http://www.saaa.is](http://www.saaa.is)) kostnaður við það er um 15.000,- krónur. Fundarmönnum fannst rétt að vísa þessum fyrirspurnum til LÞN og I./J. falið að kynna þar þau sjónarmið og það annað, sem fram kom í umræðunni (m.a. að nefndir á vegum AA-samtakanna á Íslandi fái aðgang að vef léni samtakanna).
- E. upplýsti að hann sé búinn að ná sambandi við tengil í Vestmannaeyjum, Vö., varðandi möguleika á kynningarfundum þar síðar í sumar eða haust og mun hitta hana fljótlega á fundi.

**Næsti fundur** Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 1.10.2008**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

#### Á fundinum liggur fyrir:

**Sumarstarfið:** Vestmannaeyjar, Akureyri og Reykjanesbær sbr. að ofan..

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

## Upplýsingarnefnd LÞN

### FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 1.10.2008:

Mættir: B., E., G., I. og J. - Forföll boðuðu: Ei., H., M. og S.

#### **Þetta gerðist milli funda:**

Fundur Landsþjónustunefndar, sem haldinn var 29. september sl. ákvað að tekið skuli að þessu sinni boði SÁÁ um að vera með kynningarbás á afmælisamkomu SÁÁ í Háskólabíói 1. október. Mun eialkinn Ei. og óvirkur alkóhólisti manna básinn.

Jafnframt vísaði LÞN því til Upplýsingarnefndar að setja niður á blað leiðbeiningar um stefnu og verklag varðandi það, hvernig tekið skuli á slíkum málum í framtíðinni.

Þá vísaði LÞNefndarfundur því til Upplýsingarnefndar að hafa samband við aðstandendur ráðstefnu ('speakerfundar'), sem haldinn var 19.-21. september sl., vegna auglýsingarspjalda varðandi ráðstefnuna, er báru yfirskriftina: "AA RÁÐSTEFNA" og brutu þannig í bág við 6. erfðavenjuna.

#### **Eftirfarandi var til umræðu:**

- Rætt var um þau mál, er fundur LÞNefndar beindi til Upplýsingarnefndar og orðu niðurstöður þessar:
  1. G. og H. falið að gera uppkast að leiðbeiningar um stefnu og verklag varðandi það, hvernig tekið skuli á óskum meðferðarstofnana og félagasamtaka um þátttöku í fundum og ráðstefnum á þeirra vegum með einum eða öðrum hætti. Uppkastið síðan sent milli meðlima Upplýsingarnefndar LÞN til skoðunar, leiðréttingar og breytinga, ef með þarf.
  2. Aðstandandi ráðstefnu þeirrar, er átti hlut að auglýsingaspjöldunum, er umræðir, mætti á fundinn og var bent á hvernig þau brytu í bág við 6. erfðavenjuna. Þar mun hafa verið hugsunarleysi og handvömm um að kenna. Voru athugasemdir meðteknar.
- E. greindi frá því, að í Vestmannaeyjum er hópur, sem hefur áhuga á að fá heimsókn frá Upplýsingarnefnd og aðstoð við að koma á fót staðbundinni upplýsingarnefnd og AA-kynningu fyrir starfsfólk sjúkrahússins og heilsugæslunnar. Mun hann halda áfram að vinna í málinu.
- B. mætti í stað H., sem var forfallaður og upplýsti um hvað uppl.n. SAAS er með í gangi.

Því miður láðist að vísa til fundar LÞN fyrirspurn upplýsingafulltrúa Svæðisnefndar Akureyrar þar sem hann spyr hvort hægt sé: 1) að fá bæklinga og annað á íslensku PDF (væntanlega til að setja inn á heimasíðu svæðisnefndarinnar); 2) sækja um styrk til "aðalnefndar" til þess að setja þennan vef á sér domain sem sagt breyta því í [Http://www.saaa.is](http://www.saaa.is) - kostnaður við það er um 15.000,- krónur.

Bæta þarf fyrir þessa vanrækslu á næsta fundi LÞNefndar.

**Næsti reglulegi fundur** Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 5.11.2008**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

#### **Á fundinum liggur fyrir:**

**Samstarfið við:** Vestmannaeyjar, Akureyri og Reykjanesbær sbr. að ofan..

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

## Upplýsingarnefnd LÞN

### FUNDARGERÐ

**Fundur** haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 5.11.2008:

**Mættir:** Ei., E., G., H., I., J. og S. - **Forföll boðaði:** M.

#### **Þetta gerðist milli funda:**

- G. og H. luku við uppkast það að verklagsreglum, er þeim var falið að vinna. Það var síðan sent áfram til LÞN til athugunar og afgreiðslu.
- Fyrirspurn upplýsingarfulltrúa Svæðisnefndar Akureyrar var komið á framfæri við LÞN.

#### **Eftirfarandi var til umræðu:**

- Sagt var frá afdrifum þeirra tveggja atriðiða, sem að ofan greinir.
- Rætt um að leiðrétta í hinu árlega bréfi AA samtakanna til fjölmiðla ýmislegt, sem ranglega er sagt um AA samtökin í fréttatilkynningum vegna útkomu bókarinnar 'Alkasamfélagið'. Gera það á almennan hátt, án þess að geta sérstaklega bókarinnar, eða stofna til ritdeilna vegna hennar.
- E. mun fara til Vestmannaeyja í jan.-febr. n.k. og vera með kynningarfund fyrir starfsfólk sjúkrahúss, heilsugæslu og lögreglu. Jafnframt reyna að stuðla að því, að þar verði stofnuð staðbundin upplýsingardeild.
- Talsvert lífleg umræða varð um ýmisleg vandamál, sem AA samtökin standa frammi fyrir, en heyra ekki beinlínis undir upplýsingarnefndir, en þyrfti ef til vill að ræða á öðrum vettvangi svo sem t.d. samviskufundum deilda og á þjónusturáðstefnunni. Umræðurnar leiddu ekki til sérstakrar niðurstöðu.

**Næsti reglulegi fundur** Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 3.12.2008**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

#### **Á fundinum liggur fyrir:**

**Samstarfið við:** Vestmannaeyjar, Akureyri og Reykjanesbær sbr. að ofan..  
Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

## Upplýsingarnefnd LPN

### FUNDARGERÐ

**Fundur** haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 3.12.2008:

**Mættir:** H.M., J., M. og S. - **Forföll boðaði:** G.

#### **Eftirfarandi var til umræðu:**

Fyrir fundinum lágu 2 mál frá skrifstofunni til afgreiðslu:

1. Beiðni frá nemendafélagi Háskóla Reykjavíkur um kynningu á AA-samtökunum. Hákon tók að sér að hafa samband við Hilmar hjá Háskólanum í Reykjavík og fá upplýsingarnefnd SAAS til að taka að sér að leysa og afgreiða málið.
2. Beiðni frá samviskufundi AA-deildarinnar á Egilsstöðum um heimsókn frá Upplýsingarnefnd LPN og aðstoð við að koma á fót svæðisbundinni upplýsingarnefnd. J. mun hafa samband við H. á Egilsstöðum og finna flöt á því hvernig hægt sé að koma á fundi með heimamönnum og fulltrúum Uppl.n. LPN.

**Næsti reglulegi fundur** Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 7.01.2009**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

#### **Á fundinum liggur fyrir að ræða um:**

1. Hvaða atriði þurfa að koma fram í leiðréttingum á ýmislegu, sem ranglega er sagt um AA samtökin í fréttatilkynningum vegna útkomu bókarinnar 'Alkasamfélagið', þegar hið árlega bréfi AA samtakanna til fjölmiðla' verður sent út.
2. Heyra hve langt er komið undirbúningi kynningarfundar E. í Vestmannaeyja í jan.-febr. n.k

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

## Upplýsingarnefnd LPN

### FUNDARGERÐ

**Fundur** haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 7.01.2009:

**Mættir:** Ei., El., G., H.M., I., J., og S. - **Forföll boðaði:** M.

#### **Eftirfarandi var til umræðu:**

3. Farið var yfir þau ummæli og þær rangfærslur, sem fram komu um AA-samtökin og bataleiðir þeirra, í viðtali og fréttatilkynningum tengdum útkomu bókarinnar 'Alkasamfélagið'. Spurningin var hvort ástæða væri til að leiðrétta þær í hinu árlega bréfi, er AA-samtökin senda fjölmiðlum til þess að minna á erfðavenju nafnleyndar. Niðurstaðan varð að elta ekki ólar við þær, en senda út hið hefðbundna bréf og hnýta við það inngangsorðum AA-samtakanna til þess að áréttta eðli þeirra og bataleiðir.
4. Varðandi beiðni frá samvískufundi AA-deildarinnar á Egilsstöðum um heimsókn frá Upplýsingarnefnd LPN, standa málin þannig, að við munum verða við beiðninni. J. ræddi við H. og frestast málið fram yfir þorrablót. LPN mun greiða farmiða fyrir a.m.k. einn ef Egilsstaðadeildin stendur ekki undir ferðakostnaði dvöl í einn dag. Ákveðið á næsta fundi hver fer austur.
5. El. gerði grein fyrir stöðu mála gagnvart Vestmanneyjaför, en það mál er í vinnslu.
6. H.M. sagði frá því, að beiðni Háskóla Reykjavíkur um kynningu á AA er í vinnslu, töf hefur orðið á málinu fram yfir hátíðir vegna mannskipta á hinum endanum.
7. H.M. greindi frá líflegu starfi upplýsingarnefndar SAAS og þeim helstu verkefnum, sem þar eru í gangi, eða eru að fara í gang.

**Næsti reglulegi fundur** Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 4.02.2009**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

#### **Á fundinum liggur fyrir að ræða um:**

Gang þeirra mála, sem eru í vinnslu.  
Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

## Upplýsingarnefnd LPN

### FUNDARGERÐ

**Fundur** haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 4.02.2009:

**Mættir:** G., H.M., I., J. og M. -

**Forföll boðaði:** Ei., El., og S.

#### **Eftirfarandi var til umræðu:**

- Kynningarfundurinn austur á Egilsstöðum laugardaginn 7. marz nk. Ákveðið var að annaðhvort fari J., eða Ei., sem ei-Alkar og væntanlega H.M. sem óvirkur-Alki. Hann hefur mikla reynslu af starfi í svæðisnefnd og upplýsingarnefnd svæðisnefndar Reykjavíur, er myndi nýtast vel á svona kynningarfundum.
- H.M. greindi frá líflegu starfi upplýsingarnefndar Svæðisnefndar AA á Reykjavíkursvæðin helstu verkefnum, sem þar eru í gangi, eða eru að fara í gang. Þar má nefna kynningarfund fyrir fangaverði í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og tilboð um kynningarfund fyrir ýmsa aðila m.a. innan heilbrigðis og löggæslugeirans.  
Nefndin mun halda aðalfund sinn sunnudaginn 8. marz nk.  
Verið er að vinna með beiðni Háskóla Reykjavíkur og sú vinna í fullum gangi.
- Nokkrar umræður urðu um Hverfisnefndi og Svæðisnefndir, muninn á þeim og hlutverkum þeirra. M.a. að þær kynnu að gera gagn þar sem landfræðilegar og samgöngulegar aðstæður eru þannig að erfitt er að mynda virka svæðisnefnd fyrir allt svæðið, en nokkrar hverfisnefndir fyrir minni svæði innan stórsvæðisins gætu orðið virkari, m.a. sem sameiginleg samviska deildanna. Gætu einnig átt virkan þátt í að mynda virkari og viðuráðanlegri Landsþjónusturáðstefnur.

**Næsti reglulegi fundur** Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 4.03.2009**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

#### **Á fundinum liggur fyrir að ræða um:**

Gang þeirra mála, sem eru í vinnslu.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

## Upplýsingarnefnd LPN

### FUNDARGERÐ

**Fundur** haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 4.03.2009:

**Mættir:**, H.M., I., J. og S.

**Forföll boðaði:** Ei., El., G. og M.

#### **Eftirfarandi var til umræðu:**

- Kynningarfundirnir austur á Egilsstöðum laugardaginn 7. marz nk. Á þá fara I. og J. sem ei-alki. Fyrst verður almennur kynningarfundur, sem opinn verður öllum, en hefur sérstaklega verið auglýstur fyrir fagfólk. Þar verða AA-samtökin og bataleiðir þeirra kynntar og gefinn kostur á fyrirspurnum.  
Síðan verður kynningarfundur um hlutverk og starfsemi staðbundinna upplýsingarnefnda. Kynnt handbók fyrir upplýsingarnefndir. Fyrirspurnir og umræður.
- H.M. greindi frá starfi upplýsingarnefndar Svæðisnefndar AA á Reykjavíkursvæðin helstu verkefnum, sem þar eru í gangi, eða eru að fara í gang. Starfsemin virðist vel skipulögð og hefur verið í góðum gír og margt framundan. Nefndin mun halda aðalfund sinn sunnudaginn 8. marz nk. og verða þar birtar skýrslur um starfsemina.
- Ýmislegt fleira var rætt óformlega, sem ekki er ástæða til að tíunda hér.

**Þetta gerðist milli funda:** Laugardaginn 7. mars sl. flugu I. og J. austur á Egilsstaði og voru þar með tvo kynningarfundir. Sá fyrri var almennur kynningarfundur á AA-samtökunum, en sá síðari, ætlaður AA-félögum, kynning á svæðisbundnum upplýsingarnefndum, starfsemi þeirra og hlutverki. Fyrri fundurinn olli nokkrum vonbrigðum þar sem þátttaka meðlima heilbrigðisstétta, félagsmálastofnunar, presta og annara lykilstétta var engin, þrátt fyrir að þessum aðilum hafði verið kynntur fundurinn og þeim sérstaklega boðið. Hins vegar mætti góður hópur AA-félaga á þennan fund og hinn síðari, eða eitthvað um 14-15 félagar bæði neðan af fjörðum og frá Egilsstöðum. Tókst síðari fundurinn ágætlega (reyndar fyrri fundurinn einnig, nema hvað aðal markhópin vantaði). Að sögn H. virðis hafa verið ánægja með fundina hjá þeim er þá sóttu.

**Næsti reglulegi fundur** Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 1.04.2009**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

#### **Á fundinum liggur fyrir að ræða um:**

- Gang þeirra mála, sem eru og verið hafa í vinnslu.
- Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

## Upplýsingarnefnd LÞN

### FUNDARGERÐ

**Fundur** haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 1.04.2009:

**Mættir:** G., H.M., og J.

**Forföll boðaði:** Ei., I., M. og S.

#### **Eftirfarandi var til umræðu:**

- Kynningarfundirnir austur á Egilsstöðum laugardaginn 7. mars sl. J. sagði frá fundunum tveim, sem hann og I. mættu á (sjá fundarger síðasta fundar). Í umræðum kom fram, að líklega væru laugardagur og sunnudagur ekki heppilegir dagar fyrir kynningar ætlaðar faghópum, nema ef til vill prestum. Þá þyrfti þó að gæta þess, að fundartími rækist ekki á við fermingarfræðslu að vorinu.
- H.M. greindi frá starfi upplýsingarnefndar Svæðisnefndar AA á Reykjavíkursvæðin helstu verkefnum, sem þar eru í gangi, m.a. AA-kynningu fyrir fangaverði í Hegningarhúsinu v. Skólavörðustíg.
- Ýmislegt fleira var rætt óformlega, sem ekki er ástæða til að tíunda hér.

Semja þarf árskýrslu fyrir sl. starfsár til flutnings á Þjónusturáðstefnu 9. maí n.k. Mun oddamaður taka saman skýrsluna og leggja fyrir næsta fund.

**Næsti reglulegi fundur** Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 6.05.2009**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

#### **Á fundinum liggur fyrir að ræða um:**

Ársskýrsla Upplýsingarnefndar LÞN fyrir tímabilið 2008-'09.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

## Upplýsingarnefnd LPN

### FUNDARGERÐ

**Fundur** haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 6.05.2009:

**Mættir:** J. og S..

**Forföll boðaði:** Ei., H.M. og M.

#### **Eftirfarandi var til umræðu:**

- Uppkast að ársskýrslu fyrir sl. starfsári til flutnings á Þjónusturáðstefnu 9. maí n.k. var rætt. Engar athugasemdir komu fram, hvorki hjá þátttakendum í fundinum, né þeim er boðuðu forföll. Var því ákveðið að flytja skýrsluna óbreytta á Þjónusturáðstefnunni.
- Ýmislegt fleira var rætt óformlega, m.a. léleg þátttaka í almenna kynningarfundinum á Egilsstöðum og orsakir hennar, en ekki er ástæða til að tíunda það sérstaklega hér.

#### **Þetta gerðist milli funda:**

Á Landsþjónusturáðstefnunni sl. var vinnuhópur 6., en í hann höfðu verið settir allir meðlimir Upplýsingarnefndar LPN, sem staddir voru í ráðstefnunni, en engir aðrir, Líklega byggist þetta á einhverjum misskilningi því markmiðið með því að hafa vinnuhóp á LPR ætlaðan upplýsingarnefnd var að geta, gegn um slíkan vinnuhóp, náð til aðila utan af landsbyggðinni með það að koma þar á fót stað- / svæðisbundnum upplýsingarnefndum og skapa tengsl við stað- eða svæðisbundnar upplýsingarnefndir, er þar væru nú þegar til.

Hópurinn fundaði, þótt ekki væri um formlegan fund Upplýsingarnefndar LPN að ræða þar sem ekki áttu allir meðlimis nefndarinnar kost á að taka þátt í fundinum.

- Rætt var um kynningarfundir út á landi, örfandi áhrif þeirra á AA-starfið á staðnum o.fl. Varð niðurstaðan sú, að sækja um fjárveitingu frá LPN til þess, á næsta starfsári, að senda tvo aðila frá nefndinni í tvær ferðir út á land til þess að halda kynningarfundir t.d. á Vestfirði og Akureyri. Fylgja þar Egilsstaða modelinu að mestu.
- Umræða varð um, hvort leggja skuli fundir nefndarinnar niður yfir sumartímam, en niðurstaðan sú, að gera það ekki, halda venjulegum fundartíma, en sætta sig við afföll í mætingum vegna sólskins og sumarferðalaga. Þeir mæti, sem geti og vilji, og forði því, að oddamaður offitni af kleinuáti!

**Næsti reglulegi fundur** Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 3.06.2009**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

#### **Á fundinum liggur fyrir að ræða um:**

Þjónusturáðstefnan 7. maí sl.

Sumarstarfið.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.